

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna Haldinn 27. maí 2025 á Hótel Reykjavík Grand

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2025 var haldinn á Hótel Reykjavík Grand, miðvikudaginn 27. maí 2025 kl. 17:00.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur fyrir árið 2024
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna
- 3) Ekki höfðu komið fram tillögur til breytinga á samþykktum.

Fundurinn hófst með því að Sigurður Kári Tryggvason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Sigurður lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og bauð fundargesti velkomna. Hinrik lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik upplýsti fundinn um að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og að hann teldi að löglega hafi verið staðið að henni. Hinrik bað fundargesti að gera athugasemdir teldu þeir ekki hafa verið boðað löglega til fundarins. Enginn fundarmaður gerði athugasemd. Hinrik lýsti því yfir að fundarboðun væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með lögmætur.

Dagskrá fundarins:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Ársreikningur 2024 og fjárfestingarstefnur
- 3) Tryggingafræðileg athugun
- 4) Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- 6) Tilnefning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 8) Önnur mál

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins, með breytingum samkvæmt ákvörðun fundarstjóra. Dagskrárlíður nr. 6 kemur til vegna breytingar á lögum um ársreikninga árið 2024 sem felur í sér að ef nefndarmaður í endurskoðunarnefnd er utanaðkomandi aðili þá skuli hann tilnefndur á aðalfundi, sbr. 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 17/2006 um ársreikninga. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundar.

Á fundinum var sýnd glærukynning samhliða því að farið var yfir einstaka dagskrárlíði. Kynningin er aðgengileg á vef sjóðsins, undir liðnum „Fréttir“ og þar undir yfirskriftinni

„Niðurstöður ársfundar 2025“. Ársreikningur 2024 er aðgengilegur á vef sjóðsins, undir „Um sjóðinn“ og þar undir „Útgefið efni“.

Fyrsti dagskrárliður fundar var skýrsla stjórnar.

Fundarstjóri gaf Sigurði Kára Tryggvasyni, formanni stjórnar, orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

1) Skýrsla stjórnar

Sigurður Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í starfsemi sjóðsins á árinu 2024. Skýrslu stjórnar má nálgast í ársreikningi 2024.

Í máli Sigurðar kom m.a. fram að stjórn sjóðsins hefði unnið að því á árinu að kortleggja lífeyrismarkaðinn og móta framtíðarsýn fyrir sjóðinn. Við þá skoðun hefðu ýmsir kostir verið metnir varðandi fyrirkomulag sjóðsins til framtíðar, þ.m.t. óbreyttur rekstur, útvistun á rekstri sjóðsins eða sameining við annan lífeyrissjóð. Sigurður nefndi að stjórn sjóðsins hefði það eitt að leiðarljósi við þá vinnu að tryggja hagsmunum sjóðfélaga og auka þjónustu sjóðsins til þeirra. Sigurður nefndi að stjórn myndi halda þessari vinnu áfram og fylgjast grannt með þeirri þróun sem á sér stað á lífeyrismarkaði. Í því sambandi mætti nefna vinnu stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða við svokallaða „grænbók“ um lífeyrismál sem mun vera langt á veg komin, en henni væri ætlað að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti. Sigurður nefndi að lokum að vinna sem þessi væri vandasöm og rétt væri að gefa sér góðan tíma í hana, enda stæði Lífeyrissjóður bankamanna á traustum grunni og myndi áfram starfa með það höfuðmarkmið að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga.

Sigurður þakkaði kærlega fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Næsti dagskrárliður var ársreikningur 2024 og fjárfestingarstefnur. Fundarstjóri gerði að tillögu sinni að umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur yrðu teknar saman að loknum næsta dagskrárlið. Var það samþykkt.

2) Ársreikningur 2024 og fjárfestingarstefnur

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir ársreikningi 2024 og fjárfestingarstefnum beggja deilda. Samhliða umfjöllun fór Tryggvi yfir glærur á bls. 6-41 í kynningu fundar, sem aðgengileg er á vef sjóðsins undir „Fréttir“ og þar undir „Niðurstaða ársfundar 2025“.

Tryggvi hóf umfjöllun sína á því að fara yfir ávöxtun 2024, raunávöxtun og rekstrarkostnað, og sýndi m.a. samanburð við aðra lífeyrissjóði. Kom fram í máli Tryggva að afkoma sjóðsins hafi verið ágæt heilt yfir og að hann kæmi prýðilega út í samanburði við aðra sjóði. Sjá nánar glærur 7-12.

Tryggvi gerði næst grein fyrir ársreikningi 2024 fyrir deildir sjóðsins og fór fyrst yfir reikninga Hlutfallsdeildar, sjá glærur 12-21. Næst fór Tryggvi yfir reikninga Aldursdeildar, sjá glærur 22-31.

Tryggvi fór næst yfir málefni ÍL-sjóðs. Í máli Tryggva kom m.a. fram að tillaga um uppgjör ÍL-sjóðs hafi verið samþykkt á fundi skuldabréfaeigenda þann 10. apríl sl. Uppgjörið feli í sér að kröfur ÍL-sjóðs verða efndar með afhendingu eðlislíkra eigna til skuldabréfaeigenda, þ.e. ríkisskuldabréfa, annarra verðbréfa auk reiðufjár. Gert væri ráð fyrir að uppgjörið komi til framkvæmda fljótlega eftir að Alþingi samþykkir frumvarp til fjárukalaga. Í máli Tryggva kom m.a. fram að niðurstaðan væri jákvæð og hagfelldari en í stefndi upphaflega þegar lagt var af stað með málið. Lífeyrissjóðir hefðu hvergi kvikað frá þeirri stöðu að gera upp með fullum efndum og það næðist með þessu uppgjóri. Tryggvi nefndi að uppgjörið myndi hafa jákvæð bókhaldsleg áhrif fyrir sjóðinn en verðbréfin sem kæmu til sjóðsins væru þó að meðaltali lengri og á lægri vöxtum sem hefði örlítið neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Markmið sjóðsins hvað þetta varðaði væri að lágmarka áhrifin með því að skipta þessum verðbréfum út á markaði fyrir styttri bréf sem bera hærri vexti. Sjá nánar glæru 32.

Að lokum fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnur. Fyrst fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar ásamt þróun eignasamsetningar og þróun hreinnar eignar, sjá nánar glæur 33-35. Næst fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Aldursdeildar, þróun eignasamsetningar, erlent hlutfall, samsetningu skuldbindingar og þróun hreinnar eignar, sjá nánar glæur 36-40. Tryggvi lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Tryggva fyrir og gaf fundarmönnum færi á að koma á framfæri spurningum eða athugasemdum varðandi skýrslu stjórnar, ársreikning 2024 og fjárfestingarstefnur.

Júlíus Óskarsson óskaði skýringa í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs. Júlíus vísaði til þess sem fram hefði komið um að lífeyrissjóðurinn væri að fá fullar efndir, en samt væru neikvæð tryggingafræðileg áhrif. Júlíus spurði hvort að skuldabréfin sem sjóðurinn fengi í uppgjörinu, þ.e. þau sem væru til lengri tíma og á lægri vöxtum, væru að hærri fjárhæð.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, svaraði og lýsti því að ef horft væri á markaðsverð verðbréfanna þá væri sjóðurinn að fá fullar efndir.

Júlíus spurði þá hvernig markaðsverð væri ákveðið í þessu samhengi.

Tryggvi svaraði og lýsti því að deilan varðaði verðbréf eða kröfur á ÍL-sjóð sem lækkuðu í markaðsverði eftir upphaflega tilkynningu stjórnvalda um málefni ÍL-sjóðs. Við uppgjör núna er lagt upp með að endurgjaldið, þ.e. nýju bréfin sem koma til sjóðsins, endurspeglar verðmæti eldri bréfanna eins og það var fyrir verðlækkunina, þar með talið höfuðstól, áfallna vexti og framtíðarvexti, núvirt með 3,5% vöxtum. Tryggvi tók sem dæmi að lengstu ríkisbréfin (RIKS50) sem fást sem endurgjald beri aðeins 2,5% vexti sem skapar 2% mun við núvirðinguna, en sá munur raungerist ekki nema bréfin séu geymd til lokagjalddaga. Það sé því stefnt að því að skipta bréfunum út áður en sá halli verður að veruleika, enda séu nýju bréfin seljanlegri en þau sem látið er af hendi.

Júlíus spurði hvort talið væri líklegt að hægt verði að skipta þessum bréfum út.

Tryggvi svaraði og sagðist telja líklegt að hægt verði að skipta þessum bréfum út. Tryggvi nefndi að um væru að ræða talsverðar fjárhæðir og væru skiptin háð markaðsaðstæðum frá einum tíma til annars. Tryggvi sagði að ekki væri brýnt að ráðast í þessi skipti strax, en fyrirhugað væri að þau færu fram.

Júlíus nefndi næst að skuldabréf í ÍL-sjóði hefðu verið helmingur af eignum sjóðsins, eða meira en helmingur. Júlíus spurði hvort ráðlegt væri að vera með eignir sjóðsins í svona hlutföllum, t.d. ef fjármálaráðherra hefði sett ÍL-sjóð á hausinn eins og lagt var upp með. Hvað hefði þá gerst?

Tryggvi svaraði og lýsti því að þegar bréfin voru upphaflega keypt þá voru þau með ríkisábyrgð og talin meðal traustustu verðbréfa á markaði, hönnuð fyrir lífeyrissjóði og með hentugt greiðslufæði. Ákvörðun um kaupin á sínum tíma hafi því verið eðlileg miðað við aðstæður. Tryggvi nefndi svo að gjaldþrot ÍL-sjóðs hefði getað valdið ca. 10-12% tapi fyrir sjóðinn, en sú leið hafi verið talin ólögmæt og hefði leitt til langvarandi málaferla. Tryggvi bætti því við að lögfræðialit hefðu borið með sér að upphaflegar tillögur fjármálaráðherra um gjaldþrot ÍL-sjóðs stæðust ekki lögfræðilega skoðun. Niðurstaðan væri því þessi sem við stæðum frammi fyrir í dag, þ.e. uppgjör sem miðar að fullum efndum, með þeim agnámum sem hafa verið nefndir.

Ekki voru fleiri sem óskuðu eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri gekk til atkvæðagreiðslu um ársreikninga 2024. Ársreikningar voru samþykktir samhljóða. Næsti dagskrárliður var tryggingafræðileg úttekt.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins í lok árs 2024. Sjá nánar glærur bls. 41-48 í kynningu fundar.

Umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu má einnig nálgast í ársreikningi 2024. Fyrir Hlutfallsdeild á bls. 21 og skýringarlið 16 á bls. 32. Fyrir Aldursdeild á bls. 40 og skýringarlið 17 á bls. 52.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir og gaf fundarmönnum færi á að koma á framfæri spurningum eða athugasemdum varðandi tryggingafræðilega stöðu.

Þórir Dan bað um orðið. Þórir nefndi að í máli Bjarna hefði komið fram að lífaldur væri að hækka, en hann (Þórir) hefði heyrt að lífaldur væri að lækka. Þórir spurði hver væri ferillinn á þessu.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur, svaraði og lýsti því að við athugun á lífslíkum fyrir tímabilið 2018-2023 hefðu komið fram sveiflur vegna COVID-19, þar sem dánartíðni lækkaði árið 2021 en hækkaði verulega 2022-2023. Niðurstaða sérfræðinga hefði verið að nota ekki þessi frávíksár til framtíðarspáa heldur halda sig við núverandi forsendur sem gerðu ráð fyrir áframhaldandi lækkun dánartíðni. Fyrstu vísbendingar frá 2024 bentu til þess að dánartíðni væri aftur á eðlilegri braut.

Ekki voru fleiri sem óskuðu eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir og gekk til næsta dagskrárliðar.

4) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Ekki komu fram tillögur til breytinga á samþykktum að þessu sinni.

Næst var komið að dagskrárliðnum kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, gerði grein fyrir því að Guðrún Anna Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson, sem hefðu gegnt hlutverki skoðunarmanna reikninga sjóðsins síðastliðin ár, hefðu ákveðið að láta það gott heita. Tryggvi þakkaði þeim fyrir samstarfið fyrir hönd sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6) Tilnefning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá tillaga um að Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, yrði kjörinn til áframhaldandi starfa í endurskoðunarnefnd sjóðsins, þar sem hann hefur starfað frá árinu 2019. Var tillagan samþykkt samhljóða.

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að hækka laun stjórnarmanna úr kr. 120.000.- á mánuði í kr. 130.000.- á mánuði, tvöföld laun fyrir formann og ein og hálf laun fyrir varaformann. Laun varamanna hækki úr kr. 63.000.- í kr. 68.000.- fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærri en kr. 130.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Í umfjöllun um tillöguna kom fram að um væri að ræða hækkun í takt við launavísitölu. Laun stjórnar- og varamanna hafi síðast verið hækkuð á ársfundi 2024 en væru enn meðal þess lægsta sem gerist meðal lífeyrissjóða. Vísast til glæru á bls. 56 í kynningu.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að koma á framfæri spurningum eða athugasemdum. Enginn bað um orðið. Fundarstjóri bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 70.000.- á mánuði í kr. 75.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Hækkuðu síðast á ársfundi 2024.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að koma á framfæri spurningum eða athugasemdum. Enginn bað um orðið. Fundarstjóri bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls undir dagskrárliðnum önnur mál.

Sigrún Harpa Guðnadóttir bað um orðið. Sigrún spurði hvort komið hefði til skoðunar að breyta ævilöngum makalífeyri, Hlutfallsdeildar, til samræmis við aðra sjóði þannig að sjóðfélagar fái frekar þá greiðslu?

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, svaraði. Tryggvi nefndi að það hefði ekki komið til alvarlegrar skoðunar að breyta þessu hjá sjóðnum, samkvæmt hans bestu vitund.

Sigurjón Gunnarsson bað um orðið. Sigurjón nefndi að hann hefði setið í stjórn sjóðsins í 18 ár. Á þeim tíma, ef hann myndi það rétt, þá hefði þetta eitthvað komið til skoðunar og að það hafi verið talið, í samráði við lögfræðinga, að það væri erfitt að skerða eitt atriði, einn hóp. Það gæti leitt til málaferla og þess háttar. Sigurjón tók fram að hann væri ekki með á hreinu hversju djúpt þetta hefði verið skoðað, en þetta hefði a.m.k. komið til tals.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið um kl. 18:40. Fjöldi fundarmanna: 51.

Reykjavík, 16. júlí 2025

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson

Pálmi Rögnvaldsson

Undirritunarsíða

Fundarstjóri
Hinrik Greipsson

Fundarritari
Pálmi Rögnvaldsson